

REGLUGERÐ**fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkurþorps.****1. gr.**

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Breiðdalsvíkurhöfn.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd séu 3 menn og aðrir 3 til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan leggur aðalvatnsæðar um þorpið, svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæð skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda í Breiðdalsvíkurþorpi að greiða stofngjald kr. 1000.00 fyrir hverja venjulega íbúð um leið og vatn er leitt í hús hans. Árlegur vatnsskattur sé kr. 100.00 fyrir hverja íbúð. Hreppsnefnd ákveður vatnsskatt verzlana og iðnfyrirtækja. Ef fjós eru tengd við vatnsveitukerfið, greiðist kr. 15.00 fyrir hvern stórgrip, sem inni stendur vetrarlangt.

5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim umbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

7. gr.

Hver sá, er skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir, samkv. mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

8. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera við það á hans kostnað.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps, 2 staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 6. jan. 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. janúar 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

3

fyrir vatnsveitu Egilsstaðakauptúns í Suður-Múlasýslu.

6. jan.

1. gr.

Vatnsveitan er eign Egilsstaðahrepps.

2. gr.

Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd skulu vera 3 menn og 3 til vara. Vatnsveitunefnd skipar sjálf með sér verkum.

4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um kauptúnið svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, þar sem það er hægt eða sem næst lóðarmörkum. Frá aðalæðum skulu húseigendur sjálfir leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

5. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Egilsstaðakauptúns, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa að nota.

6. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

7. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeyminum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.